

Fræðslusjóður

Ársreikningur

2025

Fræðslusjóður
Skiptiholti 50B
105 Reykjavík
kt. 430403-3110

Fræðslusjóður

Ársreikningur

2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7-10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til hluthafa og stjórnar Fræðslusjóðs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fræðslusjóðs fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Fræðslusjóð í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fræðslusjóðs. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalfals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningssskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 6. maí 2026.

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Ársreikningur Fræðslusjóðs fyrir árið 2025 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Fræðslusjóðs fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hlutverk Fræðslusjóðs er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslusjóður var stofnaður í lok ársins 2010 en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Farið er með fjármál sjóðsins í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Ekkert stöðugildi var hjá sjóðnum á árinu.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu

Stjórn og framkvæmdastjóri Fræðslusjóðs staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. maí 2026.

Í stjórn

Inga Dóra Halldórsdóttir

Sara Dögg Svanhildardóttir

Finnbogi Sveinbjörnsson

Karl Rúnar Þórsson

Gylfi Jónu Arnbjarnarson

Margrét Sigurðardóttir

Maj-Britt Hjördís Briem

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir

Helga Kristín Kolbeins

Framkvæmdastjóri

Hildur Betty Kristjánsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Framlag frá ríkissjóði		985.400.004	957.999.996
(Tekjur umfram gjöld) Gjöld umfram tekjur	4	104.693.412	49.045.097
Kennsla og námskeiðahald		(769.460.067)	(701.533.412)
Raunfærnimat		(137.181.163)	(125.444.944)
Náms- og starfsráðgjöf		(151.694.413)	(149.056.094)
Nýsköpunar- og þróunarverkefni í framhaldsfræðslu	5	(35.127.000)	(38.270.000)
Rekstrartap		(3.369.227)	(7.259.357)
Vaxtatekjur að frádrögnum fjármagnstekjuskatti		3.369.227	7.259.357
		3.369.227	7.259.357
Afkoma ársins		0	0

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	6	60.935.902	84.294.081
Handbært fé		5.742.533	55.778.063
		<u>66.678.435</u>	<u>140.072.144</u>
Eignir		<u>66.678.435</u>	<u>140.072.144</u>
Óráðstafað fjármagn og skuldir			
Óráðstafað fjármagn			
Óráðstafað eigið fé		103.602.850	152.647.947
Tekjur umfram gjöld (Gjöld umfram tekjur)	4	(104.693.412)	(49.045.097)
Óráðstafað fjármagn, (neikvætt)		<u>(1.090.562)</u>	<u>103.602.850</u>
Skammtímaskuldir			
Skammtímaskuldir	7	67.768.997	36.469.294
		<u>67.768.997</u>	<u>36.469.294</u>
Skuldir		<u>67.768.997</u>	<u>36.469.294</u>
Óráðstafað fjármagn og skuldir		<u>66.678.435</u>	<u>140.072.144</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Aðalstarfsemi Fræðslusjóðs er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslusjóður er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Skipholti 50B, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Tekjur umfram gjöld (Gjöld umfram tekjur)

Við endurúthlutun fjármagns á haustmánuðum 2025 voru gerð mistök sem leiddu til þess að úthlutað var umfram greiðslugetu sjóðsins. Afleiðingin var að sjóðurinn gat ekki staðið að fullu við skuldbindingar sínar í árslok. Var mismunurinn alls 67,8 milljónir sbr. skýringu 7. Stjórn ákvað að þessu yrði mætt með því að fella niður úthlutun til þróunarverkefna á árinu 2026 og skerða framlög til samstarfsaðila samtals um sömu upphæð. Jafnframt var MRN upplýst um málið og afgreiðslu þess.

	2025	2024
Úthlutað á árinu	(1.159.755.600)	(1.109.479.307)
Endurgreiðslur á árinu	66.292.961	95.174.853
Rekstrargjöld	(1.093.462.639)	(1.014.304.454)
Framlag ríkissjóðs til úthlutunar á árinu	985.400.000	958.000.000
Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti	3.369.227	7.259.357
Rekstrargjöld	(1.093.462.639)	(1.014.304.454)
Tekjur umfram gjöld (Gjöld umfram tekjur)	(104.693.412)	(49.045.097)

Skýringar

5. Nýsköpunar- og þróunarverkefni í framhaldsfræðslu

Á árinu 2025 voru veittar kr. 36.570.000 til 11 verkefna og voru loka greiðslur að fjárhæð kr. 1.443.000 felldar niður, samtals kr. 35.127.000. Til samanburðar voru á árinu 2024 veittar kr. 42.050.000 til 12 verkefna og voru loka greiðslur að fjárhæð kr. 3.780.000 felldar niður, voru því samtals kr. 38.270.000.

	2025	2024
Atlas Primer	2.970.000	0
Dósasmiðjan	2.970.000	0
Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	5.800.000	(1.980.000)
Framvegis miðtöð símenntunar	0	2.700.000
Hinrik Carl Ellertsson	2.970.000	
Iðan fræðslusetur	2.950.000	0
Isonica ehf.	1.140.000	0
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	5.940.000	0
Fræðslunetið á Suðurlandi	0	6.450.000
Mímir-símenntun ehf.	0	11.000.000
Rafmennt ehf.	0	(1.800.000)
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	1.800.000	11.000.000
Sólborg Jónsdóttir	(543.000)	0
USE SSE ehf.	2.950.000	0
Þekkingarnet Þingeyinga	6.180.000	10.900.000
	<u>35.127.000</u>	<u>38.270.000</u>

6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru vegna verkefna sem hafa ekki verið kláruð en veitt hefur verið fjármagn fyrir.

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	2025	2024
Austurbrú ses.	3.632.780	2.887.844
Farskólinn-miðstöð símenntunar	1.625.000	1.175.874
Framvegis miðtöð símenntunar	0	2.836.845
Fræðslu/símenntunarmiðstöð Vestmannaeyjum	7.102.830	4.143.212
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	4.923.950	6.229.445
Fræðslunetið-símenntun ses.	7.379.633	8.919.788
Fræðslunetið starfsmennt	0	192.400
Iðan fræðslusetur	12.696.220	23.355.736
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	825.177	4.655.037
Mímir-símenntun ehf.	2.918.835	7.263.115
Rafmennt ehf.	3.631.500	387.116
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	0	2.708.688
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	13.684.580	17.907.923
Þekkingarnet Þingeyinga	2.515.397	1.631.058
Viðskiptakröfur samtals	<u>60.935.902</u>	<u>84.294.081</u>

Skýringar

7. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru komnar til vegna þess að gerðir hafa verið samningar um styrki gegn ákveðnum skilyrðum. Þangað til að þessum skilyrðum er mætt er bókuð skuld í bókum sjóðsins.

Skammtímaskuldir greinast þannig:

	2025	2024
Austurbrú ses.	580.000	990.000
Dósasmiðjan	1.782.000	
Farskólinn-miðstöð símenntunar	3.480.000	82.908
Framvegis miðstöð símenntunar	1.620.000	2.160.000
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.	(36.684)	(36.684)
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	125.706	
Fræðslunetið-símenntun ses.	11.859.336	3.870.000
Hinrik Carl Ellertsson	1.782.000	
Iðan fræðslusetur	4.052.035	2.300.000
Isponica ehf.	684.000	
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	27.195.380	0
Mímir-símenntun ehf.	3.300.000	10.560.000
NORTH Consulting ehf.	990.000	1.980.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	5.017.224	8.587.940
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	745.000	272.130
Sólborg Jónsdóttir	0	543.000
TVÍK	0	900.000
USE SEE ehf.	885.000	
Þekkingarnet Þingeyinga	3.708.000	4.260.000
Skammtímaskuldir samtals	67.768.997	36.469.294

8. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á ársreikningi ársins 2025.

Skýringar

9. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til sjóðsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum. Eftirfarandi skilyrði þurfa að vera uppfyllt áður en tekjur eru færðar:

Veitt þjónusta

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru skráðar hlutfallslega miðað við framvindu verksins. Framvinda verksins er metin með hliðsjón af unnum vinnustundum í hlutfalli af áætluðum heildarvinnustundum verksins. Þegar ekki er hægt að meta útkomu tiltekins samnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði.